

**Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Mýrá- og Borgarfjarðarsýslu um skifting Borgarhrepps í tvö sveitarfjelög.** **62**

26. mars

Með brjefi yðar, herra sýslumaður, dags. 19. p. m., hefir hingað borist ányjað erindi frá hreppsnefndinni í Borgarhreppi um skifting þessa hrepps í tvö sveitarfjelög, ásamt meðmælum sýslunefndar Mýrasýslu með því, að skiftingin verði leyfð.

Útaf þessu er hjermeð, samkvæmt sveitarstjórnarlögum 10. nóv. 1905, skipað svo fyrir sem hjer segir:

1. Borgarhreppi í Mýrasýslu skal skift í tvö sveitarfjelög, og skulu takmörkin milli hinna nýju hreppa vera þessi: Frá Borgarfirði að austan ræður Grímólfskelda norðvestur í Þorsteinsstapa, þaðan sama stefna í stapa vestan neðri enda Vindáss, þaðan efst yfir Snöggholt í grjótvörðu vestan til á Rjettarási, þaðan suðvestur sunnanvert við Klaufarselás í grjótvörðu á flóasundi norðvestur frá Selásbrekku, þaðan bein lína suður um Klaufarholt í Engjaás, þaðan suðaustur að flutningabrautinni og meðfram henni að Löngubrekku, þaðan um Granastadahól beint í Borgarvíkurhorn. Neðri hlutinn skal heita Borgarneshreppur, en efri hlutinn halda nafninu Borgarhreppur. Að sjálf-sögðu fylgja Brákareyjar báðar Borgarneshreppi.
2. Öllum eignum, skuldum og sveitarþyngslum hins núverandi Borgarhrepps, þeim er verða þegar skiftingin fer fram, skal skift til helminga milli hinna nýju hreppa, og eftir sama hlutfalli skal skifta sveitarþyngslum þeim, sem síðar kunna til að koma, og eiga rót sína í fjelagsskap þeim, sem hingað til hefir átt sjer stað milli hinna nýju hreppa. Þó skal ellistyrktarsjóði hins núverandi hrepps skift eftir tölu gjaldskyldra til alþýðu- og ellistyrktarsjóðanna í hvorum hreppshluta fyrir sig um síðastliðin 5 ár.
3. Aðskilnaður hreppanna skal fram fara þegar er hreppsnefndir hafa verið kosnar í hvorum hinna nýju hreppa, og skulu vera 5 hreppsnefndarmenn í hvorum þeirra, en þær skulu síðan framkvæma skiftinguna á eignum, skuldum og sveitarþyngslum, en verði ágreiningur útaf skiftingunni, skal úr honum skorid af sýslunefnd, er einnig skal kveða á um fjallskil og afrjetti.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til frekari aðgerða og birtingar, að því viðbættu, að með framangreindri fyrirskipan er engin breyting gerð á hinum forna Borgarhreppi sem dómþinghá nje manntalsþinghá.

**Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu um sveitfesti þurfalings.** **63**

29. mars

Með brjefi yðar, herra sýslumaður, dags. 18. f. m., hefir hingað borist erindi frá hreppsnefndinni í Breiðvíkurhreppi, þar sem hún áfrýjar til stjórnarráðsins úrskurði yðar, dags. 20. des. f. á., sem ákveður, að ekkjan Kristjana Sigurðardóttir skuli teljast sveitlæg í tjeðum hreppi.

**63** Útaf þessu skal yður hjermeð tjáð til leiðbeiningar og birtingar fyrir  
29. mars hreppsnefndunum í Breiðuvíkurbhreppi og Neshreppi utan Ennis, að með því að  
stjórnarráðið telur umræddan úrskurð yðar rjettan, skal hann standa óhaggaður.

#### Urskurður sýslumanns.

Með brjefi hingað, dags. 2. júlí þ. á., hefir oddviti Neshrepps utan Ennis æskt þess, að úrskurður verði lagður á ágreining milli Breiðuvíkurbhrepps og Neshrepps utan Ennis útaf sveitfesti ekkjunnar Kristjönu Sigurðardóttur, og er mál þetta því hjermeð úrskurðað á þessa leið:

Í desembermánuði f. á. æskti ekkjan Kristjana Sigurðardóttir á Sandi þess að henni væri veittur sveitarstyrkur af fátækra sjóði Neshrepps utan Ennis, og með því að það kom í ljós við aðsjónargjörð, er fram fór hjá henni, að hún var þurfandi styrks, var henni veittur styrkur að upphæð kr. 8,91. Samkvæmt æfiferilsskýrslu þeirri, er tekin hefir verið af nefndri Kristjönu, hefir maður hennar, er andaðist árið 1903, verið við fráfall sitt sveitfastur í Breiðuvíkurbhreppi, en í Neshreppi utan Ennis höfðu þau hjónin dvalið 4 ár þegar maður Kristjönu dó, og hafði hún eftir það dvalið samfleytt 8 ár í Neshreppi utan Ennis, þegar skýrsla var tekin af henni 23. desbr. f. á. — Oddviti Neshrepps utan Ennis heldur því nú fram, að nefnd Kristjana verði að teljast sveitlæg í framfærsluhreppi manns síns, Breiðuvíkurbhreppi, þarsem hún hafi eftir fráfall hans eigi dvalið nema 8 ár í Neshreppi utan Ennis þegar styrkurinn var veittur, og eigi því framfærslusveit manns síns samkvæmt 38. gr. fátækralaga 10. nóvember 1905. Oddviti Breiðuvíkurbhrepps heldur því aftur á móti fram, að nefnd Kristjana verði að teljast sveitlæg í Neshreppi utan Ennis samkvæmt ákvæðum 32. gr. fátækralaganna, þarsem hún hafi dvalið í Neshreppi utan Ennis samfleytt 12 ár, 4 ár ásamt manni sínum og 8 ár sem ekkja.

Á þessa skoðun oddvita Breiðuvíkurbhrepps verður þó eigi fallist, því að eftir beinum ákvæðum 38. gr. fátækralaganna heldur ekkja manns sveitfesti þeirri, er maður hennar átti á deyjanda degi, þangað til hún vinnur sjer sjálf sveisit, en um það er eigi hjer að ræða, úr því að tjeð ekkja hafði aðeins dvalið 8 ár í Neshreppi utan Ennis, þegar hún varð styrkþurfi. Ákvæði 32. gr. fátækralaganna koma eigi í bága hjer við, því að þau innihalda aðeins hina almennu reglu um sveitfestisvinslu, er takmarkist af ákvæðum 38. gr. laganna, um hið sjerstaka tilfelli, er þar ræðir um. Og þarsem oddviti Breiðuvíkurbhrepps hefir eigi hreyft frekari andmælum gegn sveitfesti Kristjönu þessarar í Breiðuvíkurbhreppi, verður að úrskurða tjeða Kristjönu sveitfasta þar í hreppi, en af því leiðir að Breiðuvíkurbhreppi ber að endurgjalda Neshreppi utan Ennis  $\frac{2}{3}$  hins veitta styrks kr. 8,91.

## Því úrskurðast:

63

Umrædd Kristjana Sigurðardóttir skal teljast sveitlæg í Breiðuvíkurhreppi, 29. mars og ber hreppssjóði þess hrepps að greiða hreppssjóði Neshrepps utan Ennis  $\frac{2}{3}$  hins veitta sveitarstyrks, kr. 8,91, eða kr. 5,94.

Þetta tilkynnist yður hjermeð, herra oddviti, að því viðbættu, að eg vænti þess að þjer greiðið hingað sem fyrst umræddar kr. 5,94, svo framarlega sem þjer eigi áfrýið úrskurði þessum.

**Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu um flutning 64**  
 þingstaðar 10. apríl

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í brjefi, dags. 3. f. m., og beiðni hreppsnefndarinnar í Fellshreppi, veitir stjórnarráðið hjermeð samþykki sitt til þess, að þingstaður umgetins hrepps sje fluttur frá Felli að Skálá, með því skilyrði, að hreppsnefndin annist um að til verði á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

**Brjef stjórnarráðsins til allra sýslumanna um friðun á mælingamerkjum landmælingadeildar herstjórnarráðsins. 65**  
 12. apríl

Landmælingadeild herstjórnarráðsins í Kaupmannahöfn hefir skýrt stjórnarráðinu frá því, að það hafi þráfaldlega komið fyrir síðan mælingadeildin hóf mælingar nú hjer á landi, að vörðum þeim og merkjum, sem mælingamennirnir hafa sett upp og notað við landmælingarnar, hafi verið raskað, þau verið skemd og feld, og grjót, stengur, flögg, kopargaddar og koparhúnar teknir úr þeim.

Þetta hefir valdið landmælingamönnum mikilla erfiðleika og tafa, og oft mikils kostnaðar, er ákveða hefir orðið þúktana aftur, sem merkin áttu að sýna, og gjöra um aftur mælingar til þess.

Þessar mælingarvörður og merki landmælingamanna herstjórnarráðsins hafa einnig mikið gildi fyrir landið eftir að þeir hafa nú lokið mælingum sínum í hinum ýmsu hjeruðum, því merki þessi og vörður má nota við síðari mælingar bæði á landi og sjó, og er því einnig áriðandi fyrir eftirtímann, að þeim verði ekki raskað eða þau skemd, að því ógleymdu, hve ósæmilegt slíkt athæfi er að öllu leyti.

Jafnframt því að skýra yður, herra sýslumaður, frá þessu, skuluð þjer hjermeð beðinn að brýna fyrir almenningi á næstu manntalsþingum í umdæmi yðar, að menn raski ekki eða skemmi á neinn hátt umrædd mælingamerki og